

Atvinnuhættir - verkefni um sjávarútveg.

1. Í Grindavík er sjávarútvegur ein aðal atvinnugreinin og stór hluti fyrirtækja í bænum tengjast sjávarútvegi.
 - a. Kynnið ykkur þau fyrirtæki sem tengjast útgerð og fiskvinnslu og hvers konar starfsemi fer þar fram. Búið til kynningu þar sem þið lýsið starfsemi þriggja fyrirtækja sem koma að útgerð- og fiskvinnslufyrirtæki. Þið hafið frjálssar hendur hvernig þið vinnið kynninguna.
2. Kynnið ykkur hvaða störf þessar útgerðir skapa bæði á sjó og í landi.
 - a. Reynið að finna út hversu stór hluti bæjarbúa vinnur þessi störf? Hversu stórt hlutfall er það af heildaríbúafjölda Grindavíkur?
 - b. Veltið fyrir ykkur hvaða afleiðingar það hefur fyrir bæjarfélagið ef einhverjum þessum fyrirtækja yrði lokað eða starfsemin myndi dragast mikið saman.
 - c. Ímyndið ykkur að þið hafið misst vinnuna út af slíkri lokun. Þið megið ráða hvort þið búið til sendibréf, teiknið mynd eða semjið ljóð þar sem þið segið besta vini ykkar frá því hvaða áhrif það hefur haft á líf ykkar.
3. Í hafinu eru margar fisktegundir.
 - a. Kynnið ykkur hvaða fisktegund er mest veidd í Grindavík.
 - b. Aflið ykkur upplýsinga um mismunandi verkunaraðferðir við fisktegundirnar.
 - c. Kynnið ykkur hvaða ferli fiskurinn fer í gegnum frá því að hann er veiddur og þangað til hann er kominn á diskinn á matarborði fólks. Þið getið t.d. sýnt þetta með myndasögu.
 - d. Finnið uppskriftir að réttum sem búnir eru til úr þessum fisktegundum og fáid bekkjarfélaga ykkar til að búa til matreiðslubók með þessum réttum.
4. Fyrirtækin í Grindavík selja mikinn fisk til útlanda.
 - a. Kynnið ykkur hversu mikill fiskur er fluttur út frá Grindavík til útlanda og hvert þá aðallega.
 - b. Aflið ykkur upplýsinga um ferlið frá því að fiskurinn er tilbúinn til útflutnings og þangað til hann er kominn á áfangastað.
 - c. Hvernig er hann geymdur á leiðinni? Skrifnið niður.
 - d. Finnið kort af Evrópu eða Ameríku og merkið inn á þá staði sem fiskurinn er seldur til.